

<b>18-20 apríl</b>	<b>Frumverur</b>	<b>Anna Dagbjört og Þröstur</b>
--------------------	------------------	-------------------------------------

## **Inngangur**

Í þessari athugun var athugað hvaða lífverur byggju í einum dropa af vatni úr dragá og lindá. Frumverur ( Protista ) eru litlar lífverur sem geta bæði verið einfruma eða fjölfruma. Frumdýr eru heilkjarna og eru ófrumbjarga. Frumverur geta hreift sig úr stað. Frumverur eru eiginlega þær lífverur sem ekki passa í aðra flokka. Frumverur eiga lítið sameiginlegt annað en það en að vera einfaldar að byggingu. Grænþörungar ( Chlorophyta ) eru þörungar sem eiga aðallega heima í ferskvatni. Þeir innihalda grænu korn eins og landplöntur og eru frumbjarga.

## **Framkvæmd**

Efni og áhöld: 2 krukur, sýni úr dragá og lindá, smásjá, burðargler og þekjugler. Byrjað var á því að ganga niður að Laxá og taka sýni í krukku og það sama á Hellisholtarlæk. Eftir þetta var farið inn og tekið einn dropa úr Laxár sýninu og sett á burðargler og þekjugler yfir og svo skoðað það í smásjá. Eftir að hafa skoðað það var gert slíkt hið sama við sýnið úr Hellisholtarlæk.

## **Niðurstöður**

Í sýninu okkar úr Hellisholtarlæk fundum við ekki eina lifandi veru. En það var eingöngu vegna þess að sýnið var ekki nógu gott. Þess vegna fengum við lánað sýni frá Hafdísí og Rakel sem að voru mjög góðar við okkur að leyfa okkur að fá. Í því sýni sáum við mánaðjásn, svipudýr og vængeskinga. Svo skoðuðum við einnig sýnið úr Laxá og þar fundum við bara pokapyrlu eftir mikla leit. Svo biðum við í 2 daga og þá var komið virkilega mikið líf í Laxár sýnið þar sáum við mikið af kísilþörung, pokapyrlu, mánaðjásn og grænþörungum en ennþá fundum við ekkert í hinu. Þannig við fengum aftur lánað sýni frá Hafdísí og Rakel þá sáum við mjög mikið líf en mest var af blöðruhverflu, grænþörungum, mánaðjásn, svipudýr, vængeskinga

## **Heimildir**

Veröldin í vatninu Helgi Hallgrímsson  
Wikipedia

## **Undirritun**

Skýrsla kláruð 4 maí.  
Anna Dagbjört  
Þröstur Almar